

## Minnisblað

Höfundur: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

### Efni: Tillaga fjölmeningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs þann 30. apríl 2019 var svohljóðandi tillögu fjölmeningarráðs vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, ísátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 13. júní s.l. var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við svið þjónustu- og nýsköpunar og svið mannauðs- og starfsumhverfis, falið að vinna að nánari útfærslu tillögunnar með kostnaðargreiningu sem væri lögð fyrir ráðið haustið 2019.

### Nánari útfærsla og kostnaðargreining

Lagt er til að árið 2020 verði farið í átak gegn fordómum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities sem Reykjavíkurborg er aðili að. Sem fyrirmynd verði notað verkefnið *Anti-rumour strategy*.

Sjá kynningu á verkefni <https://www.coe.int/en/web/interculturalcities/anti-rumours> Bók og leiðbeiningar um verkefnið <https://rm.coe.int/anti-rumours-handbook-a-standardised-methodology-for-cities-2018-/168077351c>



Fengin verði sérfræðingur og höfundur stefnumótunar Daniel de Torres Barderi til að halda tveggja daga smiðju fyrir stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar og vinna í samhliða áætlun um átak gegn fordómum.

Kostnaðargreining: Óskað verði eftir aðkomu ICC að verkefni enn annar kostnaður er innan fjárheimilda mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.